



Grunnskóli Hornafjarðar

Fimmtudagsval eftir áramót tímabil 3 og 4

7. – 9. bekkur



Munið að lesa vel hvað er í boði svo þið séuð viss um
að vilja það sem þið veljið

Valhópar í 7. – 9. bekk janúar - maí 2019

Valtíminn er 60 mínútur og er á fimmtudögum kl. 13:00. Tvö valtímabil verða fram að vori, það fyrra hefst 10. janúar og það síðara 21. mars. Einstaka val tekur yfir bæði tímabilin og er það tekið sérstaklega fram. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að er það ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttir við allt sem þeir velja sér.

1. Breakout - EDU

Breakout EDU er skemmtilegur leikur sem snýst um að brjótast inn í læsta kassa og leysa þrautir. Þessir þrautaleikir eru orðnir mjög vinsælir um allan heim í svokölluðum Escape herbergjum. Í þessu vali munum við spila leiki en líka það allra skemmtilegasta búa til nýjar þrautir fyrir aðra hópa að leysa.



2. Söngur

Í þessu vali syngjum við saman, æfum lög og flytjum við tækifæri.

3. Zumba

Heitasti danstíminn í dag þar sem stuð og dillandi stemmning er allsráðandi. Tími fyrir alla sem elska að dansa þar sem gleymir þér algjörlega í og þú lærir fullt af dönsu.



4. Heimurinn í kring um okkur



Valið byggist á því að horfa á valda náttúrulífsþætti (t.d. David Attenborough) og ræða síðan um efni þáttanna og koma með hugmyndir að úrlausnum á vandamálum sem þar koma fram.

5. Útivera að vori

Í þessu vali verður farið út í ýmis verkefni. Gerum útilistaverk og fegrum umhverfið. Við búum til ratleiki og förum í útileiki.



6. Kósýstundir í vöruhúsi




Í þessu vali blöndum við saman smíði og textíl þar sem bæði er hægt að velja verkefni í öðru hvoru eða samþætta. Hægt verður að vinna með gler, trésmíði, þæfingu, hekl, þrjón og ýmisleg fleiri fjölbreytt verkefni.

7. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem verður haldin á Egilsstöðum í apríl. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.



8. Íþróttaval



Í þessu vali verða hinar ýmsu íþróttagreinar teknar fyrir, fótbolti, handbolti, körfubolti, bandý, bandminton, blak og snjóboltastríð. Markmiðið er að allir taki vel á því og hafi gaman af.

9. Skólablað

Býr blaðamaður í þér? Ef svo er, er tilvalið að koma í skólablaðsval og taka þátt í að skrifa og gefa út skólablað Heppuskóla. Ýmis hlutverk bjóðast svo sem; fréttamennska, slúðurblaðamennska, söfnun og samning auglýsinga, uppsetning og prentun svo fátt eitt sé talið.



10. Konfektgerð

Farið er í grunnþætti konfektgerðar, gerð fyllinga og steypingu í konfektform.

Nemendur búa til sína eigin mola og fá að taka með sér heim.



11. Hráfæði

Hráfæði er aðferð til að matreiða grænmeti og ávexti, hnetur, fræ, og spírur á fjölbreyttan hátt. Hráefnið er ekki hitað upp fyrir 47°C svo að



ensím í matvæluunum skemmist sem minnst.

Hráfæði inniheldur hvorki mjólkurmat, unnin mat né sælgæti.

12. Mannréttindi

Veist þú hvaða réttindi þú hefur? En um réttindi annars fólks? Langar þig að fræðast um það sem er að gerast í heiminum og hvar er verið að brjóta á réttindum? Um er að ræða **jafningjafræðslu** þar sem unglingar fræða unglunga um ástandið í heiminum og þær aðgerðir sem hægt er að grípa til.



13. Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Spil eins og Kaleidos, Village-Varúlfaspil, Apple and apple, Catan, Dixit, Suspend, Fiasko, Carragassone, Ticket to ride, Sequence o.fl. sambærileg spil. Við kynnumst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.







14. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.

15. Stærðfræði

Viltu verða betri í stærðfræði? Viltu ná meiri árangri, læra meira, fá meiri aðstoð, þá skaltu endilega koma í þetta val.



16. Danska

Viltu auka færni þína í dönsku? Viltu fræðast um danska menningu og siði? Viltu horfa á spennandi og góðar danskar myndir? Komdu þá í dönskuval það verður bara gaman.


17. Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.



18. Golf


Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þeir sem velja þetta verða sjálfir að koma með golfsettið.



19. Skák og bridge



Lögð er áhersla á að nemendur hafi gaman og gagn af skákinni. Læri opnanir og lokanir og fái að spreyta sig. Einnig verður bridge kynnt og áhugasömum þátttakendum kennd undirstaðan.



20. Hlutverkaleikur – gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn

Nemendur fá að kynnst nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo bakgrunn




persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu.

Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.

21. Sphero forritun og þrautalausnir

Í valinu kynnst nemendur því að forrita Sphero sprk kúlu í gegnum I-Pad. Kúluna er hægt að nota til að leysa ýmsar þrautir og verkefni, bæði á landi og vatni, allt eftir hugarflugi þess sem forritar hverju sinni. Valið sameinar nám og leik í skemmtilegri þrautakeppni.




22. Hafnarhittingur - undirbúningur

Í valinu hittast nemendur og sameiginlega ákveða og undirbúa Hafnarhitting sem verður á vetrarönninni.



23. Forritun og róbótar

Í þessu vali ætlum við að vinna með Microbit og Arduino í þeim tilgangi að læra forritun. Fyrst verður unnið með undirstöðuatriði, hvernig á að tengja Led ljós og ýmsa skynjara við smátölvur og forrita þær. Einnig munum við skoða róbóta sem eru þrívíddarprentaðir og hvernig hægt er að búa þá til með því að nota servo-mótora og stýra með Arduino. Tengja þá við síma í gegnum Bluetooth og annað skemmtilegt. Valið er frábært fyrir alla sem hafa áhuga á tækni og eru forvitnir um hvernig hlutir eru búnir til. Valið hentar einnig vel fyrir þá sem hafa tekið þátt í Lego keppninni og hafa kynnst því að forrita. Verið velkomin í þetta skemmtilega val sem verður haldið í Fab Lab smiðjunni í Vöruhúsinu.



24. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val 😊



Valblað

Nafn: _____ bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að vori. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Breakout - EDU	()	Spilaval	()
Söngur	()	Heimavinna	()
Zumba	()	Stærðfræði	()
Heimurinn í kring	()	Danska	()
Kósý í vöruhúsi	()	Fingrasetning	()
Útivera að vori	()	Golf	()
Skólahreysti	()	Skák og bridge	()
Íþróttaval	()	Hlutverkaleikur	()
Skólablað	()	Sphero forritun og þrautir	()
Konfektgerð	()	Hafnarhittingur	()
Hráfæði	()	Forritun og róbótar	()
Mannréttindi	()	Kátakot	()

Athugið: Ekki verður hægt að breyta vali hjá þeim sem fá það sem þeir völdu svo verið viss um að vilja það sem þið veljið.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 5. desember 2018